

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/340*  
*komudagur 22.11.2013*

Vantrú  
Bakkasel 23  
109 Reykjavík

Umsögn um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940

Þingmál 109, þingskjal 112, 143. löggjafarþing

Félagið telur sjálfsagt að kynvitund bætist við upptalninguna í ákvæðunum. Hins vegar viljum við benda á að það er óeðlilegt að trúarbrögð séu sérstaklega talin með, þegar aðrar skoðanir, áhugamál og siðir (t.d. stjórnmálaskoðanir) eru ekki talin með. Réttast væri að telja þessi atriði með, eigi trúarbrögð að teljast með yfir höfuð.

Þá teljum að það verði að fara varlega í orðalagsbreytingar á ákvæðum sem takmarka tjáningarfrelsi. Í tillögu að nýju orðalagi 233. greinar segir að „[h]ver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar ...“, en það hefur aðra merkingu en „[h]ver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á“, þar sem seinna orðalagið hefur sterkari merkingu en hið fyrra. Með hinu nýja orðalagi opnast því fleiri möguleikar til að brjóta lögin, sem getur reynst hinum almenna borgara skeinuhætt í opinberri umræðu, sérstaklega þegar hann gagnrýnir valdamikla aðila. Íslensk réttarhefð gengur og út að sá sem tjáir sig njóti vafans í almennri umræðu, en þeir sem eru gagnrýndir verði fyrir vikið að þola meiri og á stundum ósanngjarnari gagnrýni.

Þá hefur þróun tjáningarfrelsis hefur verið í átt að meira frelsi, en ekki minna. Við teljum að núverandi orðalag skuli halda, af þessum ástæðum.

Við teljum og að sú hugmynd að svipta fólk frelsi sínu með fangelsisvist, vegna opinberra ummæla eða tjáningar, sé úrelt – reynslan sýnir nefnilega að fræðsla og upplýsing er kröftugri aðferð í baráttu við fordóma og útskúfun, en refsingar.

Auk þess viljum við benda á að Feneyjarnefndin hefur lagt til að guðlastákvæði laganna (125. gr.) verði afnumin, þar sem hatursáróðursákvæði á borð við 233. grein almennra hegningarlaga eru talin veita næga vernd ([http://www.venice.coe.int/webforms/documents/?pdf=CDL-STD\(2010\)047-e](http://www.venice.coe.int/webforms/documents/?pdf=CDL-STD(2010)047-e)). Þá hefur Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna komst að því að guðlastákvæði á borð við það íslenska stæðist ekki kröfur sáttmálans um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (<http://www2.ohchr.org/english/bodies/hrc/docs/CCPR-C-GC-34.doc>). Við teljum að guðlastákvæðið eigi að falla niður, sbr. röksemdir Feneyjanefndarinnar og Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Við hvetjum Alþingi því til að endurskoða guðlastákvæðið í lögumum samtímis endurskoðun á 233. grein laganna.

Við hvetjum alþingismenn til að leggja fram nýtt frumvarp sem tekur tillit til þessara athugasemda.

Þann 22. nóvember, 2013,  
fyrir hönd félagsins Vantrúar,  
Hjalti Rúnar Ómarsson,  
ritstjóri Vantrú.is